

A 1832/tillväxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

Þingmannatillögu**um að einfalda ferlið þegar nýta á heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu landi****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að láta vinna greiningu á því hvaða áhrif innleiðing Evróputilskipunar um réttindi sjúklinga hefur haft að því er varðar greiðslur fyrir sjúkrahússvist á Norðurlöndum, og kanna jafnframt hvort, og þá hvernig, einfalda mætti greiðslutilhögun vegna dvalar í opinberri sjúkrastofnun í öðru norrænu landi en heimalandi sjúklingsins.

Skýring

Norrænt frelsi hefur lagt fram þá tillögu að Norðurlandaráð kanni möguleikana á að ríkisborgarar í norrænu landi geti fengið fyrirfram ákveðna læknis meðferð í opinbera heilbrigðiskerfinu í öðru norrænu landi án fyrirfram samþykkis um greiðsluþátttöku heimalandsins og aðeins greitt fyrir hana sjúklingagjöld. Þetta ætti aðeins við í opinbera heilbrigðiskerfinu.

Nefndin fjallaði um tillöguna á fundi sínum 29. apríl 2020. Ákveðið var að taka tillöguna til efnislegrar meðferðar á janúarfundinum 2021 með hliðsjón af því að greinargerð um frjálsa för sjúklinga á Norðurlöndum var í vinnslu hjá Norrænu ráðherranefndinni og talið var að niðurstöður þeirrar greinargerðar gætu nýst nefndinni við meðferð málsins. Í janúar 2021 bárust þær upplýsingar frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar að fyrirhugaðri greinargerð hefði verið frestað og væri hennar ekki að vænta fyrr en árið 2022.

Tilfni fyrirhugaðrar greinargerðar er tillaga 7 í skýrslu Bo Könbergs „[Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum](#)“ frá árinu 2014. Sú tillaga felur í sér að meta skuli áhrif þess á Norðurlöndum að Evróputilskipun um frjálsa för sjúklinga¹ öðlaðist gildi þar og stefna að því að auka enn frekar réttinn til að leita sér

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.



heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu landi. Samþykkt hefur verið 500,000 DKK fjárveiting til að vinna greinargerðina.

Evróputilskipun um réttindi sjúklinga hafði verið samþykkt þegar í mars árið 2011. Við framkvæmd reglna um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, sem tilskipunin kveður á um, er tekið mið af reglum um samræmingu almannatryggingakerfa samkvæmt reglugerð 883/2004, sem eru einnig hluti af EES-samningnum. Niðurstaða Norrænu ráðherranefndarinnar var að láta 5–7 ár líða frá gildistöku tilskipunarinnar á Norðurlöndum áður en hafist væri handa við mat eða greiningu á áhrifum hennar, svo tryggt væri að afla mætti nægilegra gagna.

Norræna ráðherranefndin hefur greint frá því að nú hafi safnast allmikið af þekkingu og gögnum um ferðir sjúklinga milli landa og fyrstu áhrif nýrra reglna Evrópusambandsins og EES um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á Norðurlöndum. Þess vegna er það talið heppilegt fyrsta skref að taka saman greinargerð um ástand mála á Norðurlöndum, auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja, sem útfærð yrði sem samanburðargreining, með það fyrir augum að móta ráðleggingar um framtíðarþróun á þessu sviði norræns samstarfs.

Sem stendur er gert ráð fyrir að helstu umfjöllunarefnið verði sem hér segir:

- Kortlagt verði í hversu ríkum mæli sjúklingar leita sér læknishjálpar milli landa og hversu umfangsmikil heilbrigðisþjónusta er veitt yfir landamæri í norrænu ríkjunum fimm auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja.
- Unnin verði samanburðargreining á áhrifum þess að innleiða Evróputilskipun 2011/24/ESB um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, og þá einnig í ljósi reglna Evrópureglugerðar 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa.

Tillagan var rædd á fundi hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar 13. apríl 2021. Ólík sjónarmið komu fram um tillöguna á fundinum. Annars vegar var því lýst sem stjórnarsýsluhindrun að fjárhagslegar ástæður gætu komið í veg fyrir að Norðurlandabúar nýttu sér heilbrigðisþjónustu handan landamæranna. Hins vegar mætti líta á það sem ógn við norræna velferðarkerfið ef valfrelsi væri takmarkað.

Sjónarmið nefndarinnar

Hagvaxtar- og þróunarnefndin bendir á að tafir hafa orðið á greiningu Norrænu ráðherranefndarinnar á áhrifum Evróputilskipunar um frjálsa för sjúklinga.

Nefndin bendir á að núverandi tilhögun, sem felur í sér að liggja samþykki fyrir greiðslu frá heimalandinu ekki fyrir þarf sjúklingur að greiða kostnaðinn sjálfur og sækja síðan um endurgreiðslu heima fyrir, getur hindrað frjálsa för sjúklinga á Norðurlöndum. Við það bætist að samkvæmt skýrslu Bo Könbergs samræmdu norrænu ríkin ekki innleiðingu sína á Evróputilskipun um réttindi sjúklinga.



Nefndin leggur áherslu á að í væntanlegri greinargerð þurfi að koma skýrt fram hvað er líkt og hvað ólíkt með því hvernig Evróputilskipun um réttindi sjúklinga hefur verið innleidd í norrænu ríkjunum og hvernig samræming milli Norðurlandanna að þessu leyti gæti bætt aðstæður norrænna ríkisborgara.

Nefndinni er kunnugt um að enda þótt það geti að sjálfsögðu verið mikill kostur fyrir sjúklinga að geta valið hindrunarlaust hvert þeir sækja heilbrigðisþjónustu þá geti slíkt gert skipulagningu erfiðari í opinberum heilbrigðiskerfum, sem fyrst og fremst taki mið af innanlandspörf.

Niðurstaða nefndarinnar er að með vísan til væntanlegrar greinargerðar sé heppilegt að breyta tillögulið tillögunnar.

Nefndin leggur því til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að í væntanlegri greiningu á því hvaða áhrif innleiðing Evróputilskipunar um réttindi sjúklinga hefur haft verði kannað hvort, og þá hvernig, einfalda mætti greiðslutilhögun vegna dvalar í opinberri sjúkrahúsföngun í öðru norrænu landi en heimalandi sjúklingsins.

Norðurlöndum, 7. september 2021

Ann-Sofie Alm (M)	Pyry Niemi (S)
Arman Teimouri (L)	Ruth Mari Grung (A)
Eveliina Heinäluoma (sd)	Solfrid Lerbrekk (SV)
Joakim Strand (sv)	Lulu Ranne (saf)
Lorena Delgado Varas (V)	Stein Erik Lauvås (A)
Nils Aage Jegstad (H)	Torhild Bransdal (KrF)
Orla Hav (S)	